

SKILNINGSRAUN

Vanur er ég að vera misskilinn, og hygg jafnvel, að ég muni vera einn af misskildustu mönnum á þessari jörð. Samt kom mér dálítið á óvart, að smágrein mín um íslensk kol um daginn skyldi geta orðið skilin svo sem ég væri að niðra Eggerti Ólafssyni og Jónasi Hallgrímssyni fyrir að hafa ekki fundið þessi þykku kolalög, sem ég hygg séu ekki til hér á landi. Jarðfræðingar hafa aldrei fundið slík, en stundum aðrir. Eins og t. a. m. á Skarðsströndinni 1908. Skoðaði ég það, og reyndist kolalagið þá ekki fet á þykkt. Því síður sem menn kunna til við einhverjar rannsóknir, því hættara er þeim við að finna það, sem er ekki, og sjást yfir það, sem er. Minna ráða hefir ekki verið leitað um þessi kolalög, og skoða ég það sem nokkurs konar kurteisí, að menn eru ekki að ómaka mig með því, sem líklega mun ekki reynast betur en aðrar kolanámur íslenskar. En ég hafði ekki ætlað mér að ferðast um Vestfirði fyrst um sinn. Hafði ég hugsað mér að meta aðra landshluta meir, þegar ég held áfram rannsóknum mínum. Hefi ég lítið gert að jarðfræðisrannsóknum nú í ár, en þó alltaf nokkuð. Er þar ærin ástæða til, að fjárhlutur hefir verið lítill, þó að annað hafi nokkru um valdið. Er það eitt, að þreytuveikindi þau, sem bagað hafa mig síðan í Grænlandsferð minni 1897, ágerðust aftur 1913, eins og ég hefi getið um einhverstaðar. Annað er það, að mér hefir fengist um hríð rannsóknarefni annað, sem mér er mjög mikill hugur á að vinna að, og að vísu er, að eigi litlu leyti, nátengt jarðfræði og dýrafræði. Þykist ég enn hafa sýnt, þrátt fyrir nokkra lömum, sem ég mun sigra, ef ástæður leyfa, að það var rétt stefna, sem ég tók þegar ég á barnsaldri ásetti mér að verða vísindamaður. Hefir mér í

þeim efnum orðið mikið ágengt, þar sem mest á ríður, en það er að finna sannleik og áttina til sannleiks. Um viðurkenningu, virðingar og tekjur hefir aftur minna áunnist, enda hefir slíkt fyrir mér jafnan verið aukaatriði. Veit ég það vel, að hver sá, sem metur annað meir en að leita sannleikans, finnur aldrei hinn besta sannleik. En það er rót allra rétttra framfara, að menn glöggvi sig betur á tilverunni en áður. Þetta vita menn ekki nógu vel, né hafa vitað, eins og glöggt má sjá af sögu vísindanna. Aldrei hafa menn skilið, í hvaða höfðum vaxtarbroddur mannglegrar hugsunar var eða gat verið. Aldrei hafa menn áttað sig á því, hvað þeim reið á að vera þeim samtaka, sem fóru af almannaleið, til þess að finna aðra betri. Gekk því sú leit miklu ver en annars mundi orðið hafa. Því það er illt að vera einn síns liðs. Saga vísindanna, rétt rituð, verður að miklu leyti sagan um það, hvernig þeir, sem best gátu séð og lengst og skarpast skilið, lömuðust fyrir annarra skort á skilningi og velvild, jafnvel þegar ekki var farið með þá eins og vitfirringa og glæpamenn, eins og oft hefir átt sér stað. Væri margt betur en er, ef menn vissu, að sér vill sá er illa, og að það illt, sem menn gera öðrum, gera þeir sinni eigin framtíð.

Er hér nú enn nokkur skilningsraun fyrir lesendur mína, og sérstaklega þá, sem halda, að það sé einkenni á minni hugsun, að hún sé ruglaðri eða síður „samhangandi“ en annarra manna, eða eintaka af tegundinni Stupidus.

Morgunblaðið, 4. júlí 1915.